

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfis fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Borgarbyggð, kt. 510694-2289, fyrir meðhöndlun á garða- og óvirkum úrgangi og geymslu á úrgangstimbri og brotajárni á fyrrrverandi urðunarstað Borgarness. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 9. júlí 2012.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Dalabyggð, kt. 510694-2019, fyrir meðhöndlun á óvirkum úrgangi og garðaúrgangi og geymslu á úrgangstimbri á fyrrrverandi urðunarstað við Búðardal, Dalabyggð. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 9. júlí. 2012.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Sorpbrennslu FUNA, Engidal, kt. 480394-2169, fyrir móttöku-, flokkunar- og brennslustöð FUNA, Ísafjarðarbæ og urðun úrgangs við Klofning á Flateyri. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 9. júlí 2006.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Tálknafjarðarhrepp, kt. 640269-6779, fyrir brennslustöð og urðunarstað Tálknafjarðarhrepps. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 9. júlí 2006.

Hollustuvernd ríkisins, 16. júlí 2002.

Davíð Egilson forstjóri.

*Gunnar Steinn Jónsson,
staðgengill forstöðumanns.*

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja hf. fyrir heitt vatn.

Samkvæmt lögum nr. 10, 19. mars 2001, vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orku- lögum nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja hf. fyrir heitt vatn, er taki gildi 1. ágúst 2002.

Gjaldskrá Orkuveitu Suðurnesja hf. fyrir heitt vatn, nr. 702, 21. september 2001, breytist þannig:

Allir gjaldskrárliðir hækka um 3%.

Iðnaðarráðuneytinu, 15. júlí 2002.

Porgeir Örlygsson.

Katrín Jóhannsdóttir.